

Þriðjudaginn 19. október 1954.

Nr. 159/1953. **Ákærvaldið** (Gunnar J. Möller)

gegn

**Georg Svavari Sigfinnssyni**

og

**Sigurbjörgu Magnúsdóttur**

(Einar Ásmundsson).

**Dómendur:**

**hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.**

Bifreiðalagabrot.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Björn Sveinbjörnsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms.

Ákærðu hafa í viðtölum við lögreglumenn verið reikul og missaga um það, hvar hafi ekið bifreiðinni G. 750 umrætt skipti. Fyrir dómi hafa þau hins vegar staðfastlega haldið við þann framburð sinn, að ákærða hafi stjórnað bifreiðinni. Með þeirri játningu þeirra þykir verða að telja sannað, að svo hafi verið, enda er sú niðurstaða studd vætti eins vitnis, sem kvaðst hafa séð ákærðu í ökumannssæti bifreiðarinnar, eins og í héraðsdómi greinir.

Lögreglumennirnir Agnar Áskelsson og Leifur Björnsson, sem veittu bifreiðinni eftirför, telja ákærðu hafa verið ölvæða, er þeir komu á vettvang, þar sem bifreiðin hafði verið stöðvuð. Kveðst Agnar Áskelsson byggja það álit sitt á því, að ákærða hafi verið djörf í tali og ör í framkomu. Hins vegar kveðst hann ekki hafa fundið áfengislykt af ákærðu né orðið þess var, að hún væri óstyrk til göngu, en sakir myrkurs hafi hann ekki gerla séð andlit ákærðu. Leifur Björnsson kveður ákærðu hafa verið öra í framkomu, þvöglumælt og reikula í spori. Þá hafi hann og fundið vínlykt af henni. Lög-

reglumennirnir hlutuðust ekki til um það, að ákærðu væri tekið blóð til rannsóknar á áfengismagni þess, enda virðast þeir þá ekki hafa haft hana grunaða um akstur bifreiðarinnar. Ákærða hefur synjað fyrir það, að hún hafi verið með áhrifum áfengis, enda kveðst hún ekki hafa neytt víns í samkvæmi því, sem hún hafði verið í. Vitni, sem einnig voru í nefndu samkvæmi, kveðast eigi hafa orðið þess vör, að hún neytti víns þar eða væri með áhrifum áfengis. Að svo vöxnu máli og þar sem athugun sú, sem lögreglumennirnir byggja á framburð sinn um ölvun ákærðu, virðist hafa verið mjög lausleg, þá þykir varhugavert að telja sannað, að hún hafi verið með áhrifum áfengis við stjórn bifreiðarinnar.

Ákærði var ölvaður, eins og í héraðsdómi greinir, og fékk hann því ákærðu, sem eigi hafði réttindi bifreiðarstjóra, stjórn bifreiðarinnar. Þetta atferli ákærða varðar við 1. mgr. 22. gr. laga nr. 23/1941, sbr. 38. gr. sömu laga og 2. gr. laga nr. 6/1951. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 700 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 5 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda ákærða til bifreiðarstjórnar.

Ákærða hefur brotið 1. mgr. 20. gr. laga nr. 23/1941, sbr. 38. gr. sömu laga, og 2. gr. laga nr. 6/1951. Þykir refsing hennar hæfilega ákveðin 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum eiga ákærðu að greiða in solidum allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun í héraði, kr. 600,00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Rannsókn máls þessa var ófullkomin, og óhæfilegur dráttur hefur orðið á meðferð þess í héraði.

#### Dómsorð:

Ákærði, Georg Svavar Sigfinnsson, greiði 700 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 5 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu

dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu bifreiðarstjóraréttinda hans staðfestist.

Ákærða, Sigurbjörg Magnúsdóttir, greiði 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlauun verjanda í héraði, Hallgríms Dalbergs héraðsdómslögmanns, kr. 600,00, og máflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Einars Ásmundssonar, kr. 1.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### **Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 28. febr. 1953.**

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 27. febr. sl., er af ákærvaldsins hálfu með ákæruskjali, dagsettu 2. des. 1952, höfðað gegn Georg Svavari Sigfinnssyni bílstjóra, Laufási í Ytri-Njarðvík, og konu hans, Sigurbjörgu Magnúsdóttur, sama stað. *Aðallega* er málið höfðað gegn ákærðum Svavari einum fyrir ölvun við akstur skv. bifreiðalögum, nr. 23/1941, 23. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, umferðarlögum, nr. 24/1941, 4. gr., 2. mgr., sbr. 14. gr., og áfengislögum, nr. 33/1935, 21. gr., 1. mgr., sbr. 39. gr. Þykir ákærði hafa brotið nefnd lagaákvæði með því að aka bílnum G. 750 undir áhrifum áfengis aðfaranótt 27. sept. 1951 um kl. 04,15 frá Hafnargötu 78 í Keflavík og til heimilis hans, Laufáss í Ytri-Njarðvík.

Þess er krafizt, að ákærður verði dæmdur til refsingar, sviptingar ökuleyfis skv. 39. gr. bifreiðalaga og 21. gr., 1. mgr., áfengislaga svo og til greiðslu sakarkostnaðar.

*Til vara* er málið höfðað gegn báðum ákærðum, gegn ákærðri Sigurbjörgu, fyrir brot á bifreiðalögum, 20. gr., 1. mgr., og 23. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, og umferðarlögum, 4. gr., 2. mgr., sbr. 14. gr. Þykir ákærð hafa brotið nefnd lagaákvæði með því að aka nefndum bíl, eins og áður greinir, undir áhrifum áfengis og án bílstjóraréttinda.

Þess er krafizt, að ákærð verði dæmd til refsingar, sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi skv. 39. gr. bifreiðalaga og til greiðslu sakarkostnaðar.

Gegn ákærðum Georg Svavari er málið þá höfðað fyrir brot á

22. gr., 1. mgr., og 23. gr., 1. mgr., bifreiðalaga, sbr. 38. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951. Þykir ákærður hafa brotið nefnd lagaákvæði með því að láta viðgangast, að kona hans, meðkærð Sigurbjörg, æki nefndum bíl, eins og áður greinir, undir áhrifum áfengis og án öku-réttinda.

Þess er krafizt, að ákærður verði dæmdur til refsingar, sviptingar ökuleyfis skv. 39. gr. bifreiðalaga og 68. gr., 1. mgr., laga nr. 19/1940 og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærð eru bæði komin yfir lögaldur sakamanna. Ákærður Georg Svavar er fæddur 29. nóv. 1906 á Seyðisfirði og hefur, svo að vitað sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

Hafnarfjörður.

1934 5/9 Dómur, 200,00 króna sekt fyrir brot á 10. gr., sbr. 31. gr., áfengislaga frá 1930.

Reykjavík.

1947 23/7 Sátt, 100,00 kr. sekt fyrir ökuhraða.

Gullbringu- og Kjósarsýsla.

1951 10/11 Sátt, 500,00 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. laga nr. 23/1941.

Ákærð, Sigurbjörg Magnúsdóttir, er fædd að Hnjóti í Rauðasands-hreppi í Barðastrandarsýslu 5. apríl 1907 og hefur ekki, svo að vitað sé, sætt ákæru eða refsingum fyrir neitt lagabrot.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt fimmtudagsins 27. september 1951 var Leifur Björnsson, lögregluþjónn úr Hafnarfirði, að aðstoða við flutning á húsi frá Hafnarfirði til Keflavíkur. Eftir að þangað kom, varð lögregluþjónninn tvisvar var við bílinn G. 750 og þótti akstur hans undarlegur. Hann fór þá á lögreglustöðina í Keflavík til að tilkynna þetta, en þar sem hún var lokuð, fór hann að varðhliðinu á Keflavíkurflugvelli og skýrði Agnari Áskelssyni lögregluþjóni, sem þar var, frá þessu. Var þá klukkan um 04,10. Þeir urðu rétt á eftir varir við bílinn G. 750, þar sem hann ók frá Keflavík til Ytri-Njarðvíkur, og eltu hann í jeppa. Þegar þeir komu að húsinu Laufási í Ytri-Njarðvík, stóð G. 750 þar fyrir utan, en þau hjónin Georg Svavar og Sigurbjörg, ákærð í máli þessu, stóðu hjá bílnum, húsmegin við hann, og höfðu þeir ekki séð, er þau komu út úr honum. Lögregluþjónarnir töldu, að Svavar hefði ekið bílnum, og fluttu hann því til læknis til blóðtöku. Hann neitaði að láta taka úr sér blóð, en hefur hins vegar ávallt viðurkennt að hafa verið undir áhrifum áfengis í umrætt skipti. Hann hefur og algerlega neitað við réttarhöld í málinu, að hann hafi ekið bílnum, og segir konu sína hafa gert það.

Verða nú raktir framburðir ákærðra og vitna um það, er máli þykir skipta.

Ákærður Georg Svavar hefur skýrt svo frá, að miðvikudaginn 26. sept. hafi hann farið í boð til Óskars Jónssonar, Hafnargötu 78 í Keflavík, í tilefni af 75 ára afmæli Tómasar nokkurs, er þar býr.

Hann hefur viðurkennt að hafa neytt áfengis þarna um kvöldið og nóttina og verið orðinn dálítið ölvaður, er hann fór að hyggja til heimferðar. Vegna þessa segir hann, að kona sín, meðkærð Sigurbjörg, hafi ekið bíl sínum, G. 750, heim frá Hafnargötu 78 að Laufási. Ákærð var próflaus, en ákærður segir hana hafa verið byrjaða að læra á bíl. Ekki kveðst hann hafa vitað til, að hún hafi bragðað vín. Þau voru komin út úr bílnum og voru í þann veginn að ganga inn í húsið, er tvo lögregluþjóna bar þar að. Ákærður hefur viðurkennt að muna til þess, að lögregluþjónarnir hafi spurt sig um, hver hefði ekið bílnum, og hafi hann ef til vill svarað því fyrst, að dóttir sín hefði gert það. Hann telur sig þó ekki muna þetta, en hafi svo verið, segir hann það munu hafa verið vegna þess, að hún hefur oft ekið bílnum, er hann hefur verið ölvaður.

Ákærð Sigurbjörg hefur fyrir rétti haldið fast við það, að hún hafi ekið G. 750 frá Hafnargötu 78 að Laufási. Hún hefur algerlega neitað, að hún hafi fundið til áfengisáhrifa eða neytt áfengis um kvöldið. Hún kveðst muna, að Georg Svavar sagði, að dóttir sín hefði ekið bílnum, og útskýrir það tilsvár hans á sama veg og hann sjálfur. Sjálf kveðst hún hafa sagt lögregluþjónunum fyrst, að hún hafi ekið, en síðan, að maður sinn hafi ekið. Kveðst hún hafa gert það vegna þess, að sér hafi dottið í hug, að vitleysa væri af sér að játa á sig aksturinn próflausa. Hún hefur enn fremur viðurkennt að hafa sagt við lögregluþjónana eitthvað á þessa leið: „Að þið skulið láta svona, strákar mínir. Þetta er allt ósköp meinlaust, við förum bara beint heim.“

Vitnið Óskar Jónsson hefur borið fyrir rétti, að hann hafi séð ákærða Sigurbjörgu setjast undir stýri á G. 750, er þau voru að fara frá Hafnargötu 78 um nóttina. Það sá hins vegar ekki, er þau óku af stað.

Vitnið Leifur Björnsson lögregluþjónn, sem fyrr er nefndur, kveðst hafa spurt ákærðan að því, er þeir lögregluþjónarnir komu að hjónunum við Laufás, hver hefði ekið, og hafi hann sagt dóttur sína hafa gert það. Ákærð sagðist sjálf hafa ekið, en sagði skömmu síðar, að ákærður hefði gert það, en það væri allt í lagi, þar sem hann hafi ekki verið að „praktísera“ og þetta væri svo stutt, sem hann hefði farið. Vitnið segir, að ákærður hafi aldrei beinlínis játað fyrir þeim lögregluþjónunum, að hann hafi ekið, en sér hefði fundizt það koma óbeinlínis í ljós hjá honum. Kveðst vitnið hafa þótt þess fullvisst, að Svavar hafi ekið.

Vitnið Agnar Áskelsson lögregluþjónn hefur skýrt frá atvikum og orðaskiptum þeim, sem áttu sér stað við húsið Laufás, mjög á sama veg og vitnið Leifur Björnsson. Bæði hafa vitni þessi borið, að ákærður hafi verið ölvaður. Vitninu Agnari virtist ákærð einnig vera áberandi ölvuð, en vitnið Leifur fullyrðir, að svo hafi verið.

Vitnið Agnar hefur enn fremur borið fyrir rétti, að skömmu eftir þennan atburð hafi ákærður skýrt sér frá því, að hann hafi sjálfur

ekið G. 750 frá Hafnargötunni heim að Laufási. Það segir fyrrnefndan Óskar Jónsson hafa hlustað á þetta samtal, en hann telur sig ekki muna eftir því.

Benedikt Jónsson Þórarinsson, yfirlögregluþjónn á Keflavíkurflugvelli, hefur borið fyrir rétti, að daginn eftir umrædda atburði hafi ákærður komið til sín og skýrt sér frá því, að hann hefði sjálfur ekið bílnum frá Hafnargötunni og heim til sín, og haft við orð, að hann hefði verið ölvaður.

Vitnin Agnar og Benedikt hafa staðfest framburð sinn með eiði.

Eftir þeim atvikum, sem nú hefur verið lýst, verður að telja nægilega sannað þrátt fyrir neitun ákærðra, að ákærður Georg Svavar hafi sjálfur ekið G. 750 frá Hafnargötu 78 í Keflavík heim til sín að Laufási í Ytri-Njarðvík. Hafa tveir lögreglumenn staðfest framburð sinn um það, að ákærður hafi skýrt þeim frá eftir á, að svo hafi verið, og auk þess bendir framkoma ákærðra, er lögregluþjónarnir hittu þau við Laufás, til sömu niðurstöðu. Frásögn ákærðs um, að dóttir sín hefði ekið, hefur reynzt tilbúningur, og ákærð viðurkenndi við húsið Laufás, að ákærður hefði ekið, þótt hún að vísu segðist fyrst hafa ekið sjálf. Þykja skýringar þeirra á þessu ekki sennilegar. Með játningu ákærðs og framburði vitna er sannað, að hann hefur verið undir áhrifum áfengis í umrætt skipti.

Með þessu framferði sínu hefur ákærður Georg Svavar gerzt brotlegur við þau ákvæði, sem í fyrri hluta ákæruskjals greinir, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að sýkna ákærða Sigurbjörgu af öllum ákærum í máli þessu og ákærðan Georg Svavar af varakröfum ákæruvaldsins.

Ákærður skal skv. 39. gr. bifreiðalaga og 1. mgr. 21. gr. áfengis-laga sviptur leyfi til að aka bíl í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa, og frestar áfrýjun dómsins ekki verkun hans að þessu leyti.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærðra, Hallgrims Dalbergs hdl., kr. 600,00.

Dráttur hefur nokkur orðið á máli þessu, vegna þess að rannsókn hefur farið fram í tveimur lögsagnarumdæmum og erfiðlega hefur gengið að ná til vitna.

Málið hefur verið rekið vítalaut.

#### Því dæmist rétt vera:

Ákærður Georg Svavar Sigfinnsson greiði 1.000,00 króna sekt í ríkissjóð, en sæti varðhaldi í 10 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bíl í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa, og frestar áfrýjun ekki verkun dómsins að því leyti.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hallgríms Dalbergs hdl., kr. 600,00.

Ákærð Sigurbjörg Magnúsdóttir skal vera sýkn af öllum kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. október 1954.

Kærumálið nr. 18/1954:

**Ís h/f**

gegn

**Ingólfi G. S. Espholín**

og

**Steingrími Árnasyni.**

**Dómenndur:**

**hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Lárusson.**

Um heimild vitnis til að staðfesta framburð sinn.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Sóknaraðili hefur kært til Hæstaréttar úrskurð, upp kveðinn í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur 21. september þ. á. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að vitninu Steingrími Árnasyni verði heimilað að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti. Svo krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja Ingólfs G. S. Espholíns eftir mati dómsins.

Varnaraðili Ingólfur G. S. Espholín krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili Steingrímur Árnason hefur hvorki sent greinargerð né kröfur í málinu.

Sóknaraðili hefur ekki andmælt því, að samningur vitnisins Steingríms Árnasonar við Ingólf G. S. Espholín sé sama